
MÓTTAKA NÝRRRA NEMENDA

Rimaskóli leggur áherslu á að taka vel á móti nýjum nemendum. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann.

Þegar nýr nemandi er skráður í skólann er honum og foreldrum hans boðið að koma í heimsókn í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og kynna skólastarfið og sýna þeim húsnæðið.

Umsjónarkennarar eru beðnir um að hafa samband við heimili nýrra nemenda þegar ein til tvær vikur eru liðnar af skólatímanum. Þá gefst tækifæri til að ræða líðan nemandans og upplifun hans og foreldra af skólanum.

Móttaka nemanda á miðjum vetri

Nemandi mætir fyrst utan skólatíma ásamt foreldrum sínum og hittir væntanlegan umsjónarkennara. Þegar nemandi byrjar í skólanum á miðjum vetri þarf að huga að nokkrum atriðum. Umsjónarkennari þarf að:

- Afla upplýsinga frá foreldrum um nemandann almennt, námsgengi (m.a. athuganir og greiningar) félagslega stöðu, skólagöngu hingað til, heilsufar, trúarbrögð, tengsl við aðra nemendur í skólanum o.s.frv. Ef eitthvað er athugavert við heilsu nemandans skal umsjónarkennari foreldrum á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. Umsjónarkennari fylgist með því að þær upplýsingar komist til skila.
- Gefa foreldrum kost á að koma í skólann ásamt nemandanum til að hitta sig og skoða skólahúsnæði.
- Afhenda foreldrum og nemanda stundatöflu og ritfangalista og þeim á frekari upplýsingar er að finna (t.d. á heimasíðu skólans).
- foreldrum grein fyrir skólastefnu og vinnuvenjum í skólanum.
- Veita upplýsingar um almenn atriði eins og viðtalstíma, hvernig nesti er leyfilegt að koma með í skólann, klæðnað í íþróttum, tilkynningar um forföll, beiðnir um leyfi o.s.frv.
- Fara yfir skólareglur með foreldrum og nemanda.
- Skipa nemandanum í hóp í sérgreinum og tilkynna komu hans til annarra sérgreinakennara.
- Segja bekkjarfélögum frá komu nýs nemanda og virkja þá til að leiðbeina honum og auðvelda aðlögun í skólanum.
- Sjá um í samráði við húsvörð að húsgögn séu til staðar fyrir nemandann.